Handbók móta

Skautasambands Íslands

2026 - 2027

Skautasamband Íslands
www.iceskate.is

Icelandic Skating Association
info@iceskate.is

EFNISYFIRLIT

1 ÍTARLEGRI HANDBÓK – FORMÁLI 3

2 MÓTANEFND ÍSS 3

2.1 SKIPURIT 3

3 NÁNAR UM MÓT 4

3.1 ÍSS MÓT 4
3.2 INNANFÉLAGS- OG MILLIFÉLAGAMÓT 4
3.3 ALÞJÓÐLEG MÓT 4

4 UNDIRBÚNINGUR MÓTA 4

4.1 MÓTSTILKYNNING 4
4.2 MÖNNUN MÓTS 4
4.3 TÍMAÁÆTLUN OG DRÁTTUR 5
4.4 ÚTPRENTUN GAGNA 5
4.5 AÐFÖNG OG BÚNAÐUR 5
4.6 UNDIRBÚNINGUR HALLAR 5

5 FRAMKVÆMD MÓTA 6

5.1 STARFSMENN Á PANEL, LISTSKAUTAR 6
5.2 ÆFINGAR 6
5.3 WD (WITHDRAWAL – FORFÖLL) 6
5.4 UPPHITUNARTÍMAR 6
5.5 UPPLESTUR EINKUNNA 6
5.6 BIRTING ÚRSLITA 6
5.7 VERÐLAUNAAFHENDINGAR 6
5.8 VIÐHALD Á ÍS 7
5.9 AFHENDING GAGNA 7
5.10 SKAUTAHLAUP 7

6 FRÁGANGUR EFTIR MÓT 7

6.1 KÆRUR 7
6.2 SKÝRSLUR 7
6.3 FRÁGANGUR BÚNAÐAR 7
6.4 LOKASKREF 8

7 SÉRREGLUR OG HLUTVERK 8

7.1 ÍSS MÓT 8

7.2 INNANFÉLAGS- OG MILLIFÉLAGAMÓT 8
7.3 ALÞJÓÐLEG MÓT 8
7.4 SPECIAL OLYMPICS / ADAPTIVE SKATING MÓT (SO/AS) 8
7.5 SKAUTAHLAUP 8
7.6 HLUTVERK OG STARFSLÝSING 8

8 FYLGISKJÖL 9

9 GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR 10

9.1 HVAÐ BER AÐ HAFA Í HUGA FYRIR HVET MÓT 10
9.2 UPPHITUNARTAFLA 11

1 Ítarlegri handbók – formáli

Þessi handbók er til að samræma verklag í mótahaldi í skautaíþróttum á vegum ÍSS og aðildarfélaga. Að auki er gefinn út viðauki við handbók móta fyrir skautahlaup sem nota skal samhliða.

Markmiðið er að:

- Tryggja faglegt, öruggt og skipulagt mótahald.
- Styðja við mótsstjóra, aðstoðarmótsstjóra og sjálfboðaliða.
- Gera nýliðun í mótahaldi auðveldari með skýrum leiðbeiningum.

Handbókin er lifandi skjal sem er endurskoðað reglulega af Mótanefnd ÍSS.

2 Mótanefnd ÍSS

Mótanefnd ÍSS hefur yfirumsjón með mótahaldi á landsvísu, nánari upplýsingar má finna í Reglugerðum ÍSS.

2.1 Skipurit

Skipuritið sýnir hvernig ábyrgð og hlutverk skiptast á mótsdegi



3 Nánar um mót

3.1 ÍSS mót

- Öll mót á vegum ÍSS þmt. Íslandsmeistaramót.
- Strangari kröfur um panel, búnað og framkvæmd.
- Reglur ÍSS og ISU gilda eftir því sem við á.

3.2 Innanfélags- og millifélagamót

- Mót sem félög halda fyrir eigin iðkendur eða í samstarfi við önnur félög.
- Sveigjanlegri tímarammi og einfaldara fyrirkomulag.
- Grunnreglur ÍSS gilda.

3.3 Alþjóðleg mót

- Mót þar sem erlendir keppendur og dómarar taka þátt.
- Fylgja þarf reglum ISU og/eða viðkomandi alþjóðlegra reglna.
- Sérstök skráningarkerfi og kröfur um panel.
- Strangari kröfur um mönnun móts.

4 Undirbúningur móta

4.1 Mótstilkynning

- Mótsstjóri sendir mótstilkynningu til Mótanefndar ÍSS 6 vikum fyrir mót.
- Send til félaga minnst 4 vikum fyrir mót.
- Sérstakt sniðmát er til fyrir mótstilkyningar sem inniheldur:
  - Mótsstað og dagsetningar,
  - Keppnisflokka og skráningarskilyrði,
  - Skráningarfrest og greiðsluupplýsingar.
  - Upplýsingar um æfingatíma ef við á.

4.2 Mönnun móts

- Mótsstjóri kemur frá því félagi sem heldur mótið. Tilkynna skal til ÍSS hverjir muni sinna stöðu mótsstjóra að hausti.
- Aðstoðarmótsstjóri kemur frá félagi sem heldur mótið.
- Sjálfboðaliðateymi sem er nauðsynlegt til að halda mót (félögin sjá um mönnun):
  - Hliðverðir
  - Móttaka
  - Kynnar
  - Tónlistarstjórar
  - Tímaverðir (í samræmi við yfirdómara hvers móts)
  - Myndbandsupptaka fyrir panel
  - Dómarakaffi
  - Liðsstjórar
  - Verðlaunateymi (á alþjóðlegum mótum og Íslandsmeistaramótum)
  - Sjúkrateymi á alþjóðlegum mótum
  - Holufyllarar þegar þess þarf
  - Aðrir sjálfboðaliðar eftir þörfum

- Panell (dómarar og tæknifólk - listskautar) mannað af ÍSS á ÍSS mótum.
- Panell (dómarar og tæknifólk - listskautar) mannað af mótshaldara á öðrum mótum. Panell er staðfestur af Tækninefnd ÍSS fyrir útgáfu mótstilkynningar.
- Yfirdómari skautahlaups mannað af Skautahlaupsnefnd ÍSS.
- Starfsmenn við tímatöku á skautahlaupsmótum koma af lista hjá ÍSS, mannað í samráði við yfirdómara.
- Sjá til þess að það séu sjálfboðaliðar í öllum hlutum mótsins (skautahlaup, SO/AS, félagalína, ÍSS).

4.3 Tímaáætlun og dráttur

- Dregið er í keppnisröð listskauta samkvæmt mótstilkynningu, í samráði við yfirdómara .
- Tímaáætlun er unnin út frá fjölda keppenda, flokka og keppnisgreina
- Upphitun er sett fram í skýrri töflu.
  - Æfingum er komið fyrir ef möguleiki er á í dagskrá.
  - Dagskrá birt á vef og send til félaga með góðum fyrirvara.

4.4 Útprentun gagna

- Keppendalisti fyrir alla flokka í þríriti fyrir móttöku, kynni og á keppendasvæði.
- Dagskrá fyrir keppendasvæði, áhorfendur og kynni.
- Aðeins úrslit skulu vera hengd upp.
- Merkingar fyrir:
  - Móttöku
  - Búningsklefa
  - Panel
  - Kynni og tónlistarstjóra
  - Starfsmannasvæði
  - Bannsvæði

4.5 Aðföng og búnaður

- Hljóðkerfi og tölvubúnaður (t.d. fyrir tónlist og dómarakerfi)
- Prentari og pappír fyrir úrslit og gögn fyrir panel
- Verðlaunapallar og verðlaunapeningar (mikilvægt að yfirfara alla verðlaunapeninga í samræmi við keppendur).
- Talstöðvar fyrir kynni og yfirdómara
- Merkingar
- Nafnspjöld

4.6 Undirbúningur hallar

- Tryggja aðgengi og öryggi:
  - Neyðarútgangar skýrt merktir.
  - Engar hindranir á flóttaleiðum.
- Merkingar fyrir:
  - Keppendur
  - Áhorfendur

    - Sjálfboðaliða
- Sérmerkt svæði fyrir panel og tæknistuðning

5 Framkvæmd móta

5.1 Starfsmenn á panel, listskautar

- Panell mætir að jafnaði **60 mínútum fyrir upphaf mótshluta**.
- Panell fær sérmerkt vinnusvæði með nægum frið.

Dómarakaffi sér til þess að viðeigandi veitingar séu til staðar fyrir fundi og á meðan móti stendur.

5.2 Æfingar

- Æfingatímar fara fram samkvæmt tímaáætlun þar sem hægt er að koma þeim við. Þó er skylda að hafa aðalæfingar fyrir ISU keppnisflokka á Alþjóðlegum mótum og Íslandsmeistaramóti.
- Merkt er við keppendur í móttöku. Mæti ekki keppandi ekki skal mótsstjóra gert viðvart
- Liðsstjórar sjá til þess að keppendur séu tilbúnir á réttum tíma.
- Hliðvörður stýrir aðgangi að ísnum.

5.3 WD (Withdrawal – forföll)

- Keppandi, þjálfari eða liðsstjóri tilkynnir forföll til mótsstjóra fyrir upphaf móts eða á mótsstað um leið og forföll eru kunn.
- Mótsstjóri uppfærir útprentaða keppendalista og tilkynnir yfirdómara og kynni.
- Forföll gætu haft áhrif á hópaskiptingar fyrir upphaf móts.

5.4 Upphitunartímar

- Upphitun er skipulögð í hópum, sjá töflu aftast í skjali.
- Kynnir tilkynnir upphaf og lok upphitunar.
- Liðsstjórar tryggja að keppendur séu tilbúnir við inngang að ísnum.

5.5 Upplestur einkunna

- Kynnir les upp einkunnir af þar tilgerðum skjá frá panel.
- Ekki eru lesnar upp einkunnir fyrir Chicks og Cubs.
- Ekki eru lesin upp úrslit í félagalínu og SO/AS.

5.6 Birting úrslita

- Úrslit birt á vef mótshaldara og hengd upp í skautahöllinni á meðan á móti stendur.
- Yfirdómari staðfestir að gögn séu rétt áður en þau eru birt.
- Ekki eru birt úrslit í neinum greinum í öllum flokkum 10 ára og yngri.

5.7 Verðlaunaafhendingar

- Verðlaunateymi undirbýr palla og verðlaunapeninga áður en verðlaunaafhending hefst.
- Kynnir kallar upp keppendur í réttri röð.
- Ljósmyndari fær aðstöðu ef við á.
- Gætt er að faglegum og virðulegum framgangi.

- Verðlaunaafhending getur farið fram á ís jafnt sem af ís.
- Í eftirfarandi keppnisflokkum fara keppendur ekki upp á verðlaunapalla.
  - Chicks og Cubs
  - 6, 8, og 10 ára og yngri
  - SO/AS í öllum Levelum 10 ára og yngri.
  - Skautahlaup í öllum flokkum 10 ára og yngri.

5.8 Viðhald á ís

- Hefla skal í upphafi hvers keppnisdags áður en keppni hefst.
- Yfirdómari fylgist með ástandi íss.
- Kjörhitastig ís fyrir listskauta er -3° til -5°, skautahlaup er -5° til -7° (ef keppt er í báðum greinum á sömu mótshelgi þarf að ræða við yfirdómara um meðal hitastig)
- Mótsstjóri þarf að útbúa heflunar dagskrá fyrir starfsmenn halla eftir dagskrá móts.
- Skipuleggja holufyllingar þegar þess er þörf.

5.9 Afhending gagna

- Yfirdómari fær allar upplýsingar hjá mótsstjóra.
- Umsjóna- eða yfirþjálfarar fá viðeigandi úrslit útprentuð í lokuðu umslagi eftir mót.

5.10 Skautahlaup

Nánari upplýsingar um Skautahlaup má finna í *Handbók Skautahlaupsmóta.*

6 Frágangur eftir mót

6.1 Kærur

- Ef kærur berast skal meðhöndla þær samkvæmt *Reglugerðum ÍSS* og *Reglum ISU*.
- Viðeigandi yfirdómari tekur á móti kærum.

6.2 Skýrslur

- Mótsstjóri skilar ítarlegri skýrslu til Mótanefndar ÍSS:
  - Yfirlit yfir mótið
  - Helstu athugasemdir
  - Tillögur að umbótum
  - Úrslit móts (efstu 3 sætin í hverjum flokki allra greina)
  - Dómarapanell
- Yfirdómarar og Tæknistjórnandi skila skýrslum samkvæmt reglum

Mótsstjóri skal halda vel utan um úrslit úr öllum hlutum mótstins (skautahlaup, SO/AS, félagalína og ÍSS). Á ÍSS mótum skal senda afrit af úrslitum allra mótshluta á skrifstofu ÍSS.

6.3 Frágangur búnaðar

- Tölvum og prenturum skal pakkað niður og komið í geymslu.
- Skiltasett og verðlaunapallar settir á sinn stað.
- Búnaður fyrir skautahlaup settur í sérmerkta kassa.

6.4 Lokaskref

- Stutt yfirferð yfir framgang mótsins með lykilfólki (mótsstjóra, aðstoðarmótsstjóra, fulltrúa mótanefndar ef við á).
- Mótaskýrsla; skráning á því sem gekk vel sem og því sem gekk ekki nógu vel og hugmyndir af úrbótum.

7 Sérreglur og hlutverk

7.1 ÍSS mót

- Strangari kröfur um panel, búnað og skráningar.
- Fylgja þarf reglum ÍSS og ISU.

7.2 Innanfélags- og millifélagamót

Sveigjanlegri framkvæmd, en grunnreglur um öryggi og sanngjarna keppni gilda.

7.3 Alþjóðleg mót

- Sérstakar kröfur um:
  - tungumál í samskiptum
  - Skráningarkerfi
  - panel og tæknibúnað

7.4 Special Olympics / Adaptive Skating mót (SO/AS)

- Sérsniðnar reglur að getu og þörfum keppenda.
- Liðsstjórar og þjálfarar hafa stærra hlutverk í stuðningi og upplýsingagjöf.

7.5 Skautahlaup

- Sérreglur um skautahlaup má finna í *Handbók Skautahlaupsmóta*

7.6 Hlutverk og starfslýsing

Mótshaldari

- Ber ábyrgð á umsóknum um mótahald
- Gefur út mótstilkynningu og sendir á viðeigandi aðila
- Passar að mönnun dómara og tæknifólks sé samkvæmt reglum

Mótsstjóri

- Ber heildarábyrgð á mótinu.
- Tekur ákvarðanir ef upp koma vafamál.
- Vinnur með skrifstofu ÍSS að helstu skipulagningu fyrir ÍSS mót.
- Er í samskiptum við skrifstofu, yfirdómara listskauta, yfirdómara skautahlaups, aðstoðar mótsstjóra, liðsstjóra og aðra sjálfboðaliða.
- Býr til WhatsApp hóp fyrir aðstoðarmótsstjóra og liðsstjóra fyrir mót.
- Mótsstjóri hefur heimild til að færa sjálfboðaliða úr fjáröflunarstöðum félags ef mönnun er ábótavant.

- Mótsstjóri má ekki sinna öðrum stöðum á mótinu.

Aðstoðarmótsstjóri

- Sér um daglega framkvæmd, samskipti við sjálfboðaliða og flæði.
- Vinnur náið með mótsstjóra.
- Gengur í störf mótsstjóra eftir þörfum.
- Sér til þess að nauðsynlegar sjálfboðaliðastöður á mótum séu mannaðar áður en fjáröflunarstöður félags hans eru mannaðar, í samráði við mótsstjóra.
- Getur gengið í nauðsynleg störf til styttri tíma ef þurfa þykir.

Sjálfboðaliðateymi

- Tryggir að framkvæmd mótsins gangi snurðulaust fyrir sig.
- Eru í samskiptum við mótsstjóra, aðstoðaramótsstjóra eða móttöku eftir því sem við á.
- Nánari útlistun á hlutverkum sjálfboðaliða má finna í *Handbók sjálfboðaliða*.

Liðsstjórar

- Tengiliðir milli félaga, mótshaldara og keppenda.
- Hvorki starfandi þjálfari né keppandi á mótinu.
- Sér til þess að friður ríki á keppendasvæði innan síns liðs.
- Verður að vera á staðnum frá því að fyrsti keppandi mætir í hús þar til síðasti fer úr húsi.
- Verður að vera kominn inn í WhatsApp hóp mótsins fyrir upphaf móts.
- Félög þurfa að hafa í huga að liðsstjórar á mótum eiga að vera fyrir alla keppendur.
- Aðeins eru 2 liðsstjórar frá hverju félagi á mótum. Tilkynna þarf liðsstjóra samkvæmt leiðbeiningum í mótstilkynningu. Í sérstökum tilfellum er hægt að óska eftir auka liðsstjóra t.d. vegna stærðar liðs eða óhagstæðra dagskrár. Aldrei skulu vera fleiri en 2 á vakt í einu.

8 Fylgiskjöl

Hér er yfirlit yfir fylgiskjöl sem hægt er að finna á efnisveitu og heimasíðu ÍSS :

- Mótstilkynningarform
- Gátlisti fyrir mótsstjóra
- Gátlisti fyrir aðstoðarmótsstjóra
- Sniðmát fyrir tímaáætlun
- Sniðmát fyrir verðlaunalista
- Skýrslueyðublöð fyrir mótsstjóra
- Kynnablöð
- Skiltasett (textar fyrir prentun)

9 Gagnlegar upplýsingar

9.1 Hvað ber að hafa í huga fyrir hvet mót

MÓTA CHECK LISTI	HAUST- OG VORMÓT	ÍSLANDSMÓT	ÍSLANDSMEISTARM.	ALÞJÓÐLEGMÓT
KYNNIR OG TÓNLIST	X	X	X	X
MÓTTAKA	X	X	X	X
HLIÐVERÐIR	X	X	X	X
DÓMARKAFFI	X	X	X	X
LIÐSSTJÓRAR	X	X	X	X
MYNDBANDSUPPTAKA	X	X	X	X
HOLUFYLLARAR			Ef keppt er í Senior flokkum	X
ÍSHIRÐAR (SKAUTAHLAUP)	X	X	X	X
VEITINGAR F. SJÁLFBOÐALIÐA	Gott ekki nauðsyn	Gott ekki nauðsyn	Gott ekki nauðsyn	X
UPPSETTNING OG FRÁGANGUR Í HÖLL	X	X	X	X
KISS & CRY		X	X	X
ÍSS FÁNINN	X	X	X	X
SJÚKRATEYMI				X

9.2 Upphitunartafla

Fara skal eftir ISU Sport Rules, reglur 513 og 514, í þartilgreindum keppnisflokkum.

KEPPNISFLOKKAR	UPPHITUNARTÍMI	MAX FJÖLDI Í UPPHITUN
Keppniskerfi ÍSS Senior, Junior, Advanced Novice, Intermediate Novice og Basic Novice	ISU Sport Rules	ISU Sport Rules
Keppniskerfi ÍSS Intermediate Women **Keppniskerfi Félaga** 14 ára og yngri 15 ára og yngri 25 ára og eldri	5 mín	8
Keppniskerfi ÍSS Chicks Cubs **Keppniskerfi félaga** 10 ára og yngri 12 ára og yngri	4 mín	8
Keppniskerfi félaga 6 ára og yngri 8 ára og yngri	3 mín	8
Keppniskerfi SO/AS einstaklings Level 0 Level I Level II	4 mín	8
Keppniskerfi SO/AS einstaklings Level IV Short Program	4 mín	6

Keppniskerfi SO/AS einstaklings Level III Level IV Free Skating	6 mín	6
Keppniskerfi SO/AS pör Level I Level II Short Program	4 mín	4
Keppniskerfi SO/AS pör Level II Free Skating	6 mín	4